

SVÖR VIÐ TILLÖGUM FRÁ

Barnaþingi Kópavogs 2025



1

Frítt í strætó fyrir öll börn í Kópavogi

Sem Barnvænt sveitarfélag mun Kópavogsbær skoða og eiga samtalið um tillöguna frítt í strætó fyrir börn í Kópavogi.

Í dag er frítt í strætó fyrir börn 12 ára og yngri.

2

Göt í stundatöflu í byrjun og lok dags

Almennt eru ekki göt í stundatöflum í grunnskólum Kópavogs.

3

Morgunmatur í boði í öllum skólum í Kópavogi

Flestir grunnskólar í Kópavogi bjóða morgunmat. Sem Barnvænt sveitarfélag viljum við skoða leiðir til að tryggja að öll börn fái morgunmat í grunnskólum Kópavogs.

4

Ísbúð á Kársnesi

Á Kársnesinu eru tækifæri fyrir verslun og þjónustu, eins og til dæmis ísbúð. Bærinn getur stutt við það með samtali við áhugasama aðila.

5

Fjölga íþróttatímum eða lengja þá

Nemendur fá 3 íþróttatíma á viku, þar með talið sund, og skólar geta boðið fleiri íþróttatíma í vali. Menntasvið Kópavogsbæjar mun skoða hvort hægt sé að auka framboð á hreyfingu á skólatíma.

6

Halda hátíð eins og Skrekk í Kópavogi

Hátíð í Kópavogi er spennandi hugmynd sem verður unnin í samstarfi við grunnskóla, félagsmiðstöðvar, ungmenningaráð og börn í Kópavogi á árinu 2026.



Kópavogsbær



unicef
fyrir öll börn

SVÖR VIÐ TILLÖGUM FRÁ

Ungmennapingi Kópavogs 2025



1

Fleiri opnanir í félagsmiðstöðvum (fleiri kvöldopnanir og auka miðstigsstarf)

Undirbúningur er hafinn við að auka miðstigsstarf og föstudagsopnanir fyrir unglingastig í félagsmiðstöðvum Kópavogs.

2

Hækka frístundastyrk Kópavogs

Frístundastyrkurinn hækkar úr 64.000 kr í 70.000 kr. frá 1. janúar 2026.

3

Fartölvur á unglingastig í grunnskóla

Spjaldtölvur eru áfram notaðar í grunnskólum Kópavogs. Nemendur í 10. bekk hafa nú lyklaborð með spjaldtölvunum sínum og aðrir nemendur geta fengið laus lyklaborð þegar þeir þurfa. Menntasvið Kópavogs mun skoða þessa tillögu nánar.

4

Meira samræmi á einkunnagjöf í grunnskólum Kópavogs

Allir grunnskólar í Kópavogi nota nú samræmdan matskvarða (A-D) svo einkunnir séu skýrari og sanngjarnari fyrir alla nemendur.

5

Tryggja að íþróttafélög og tómstundastarf taki meðvitad á móti fjölbreyttum hópum.

Kópavogsbær styður íþróttafélög í að taka vel á móti öllum börnum. Unnið er að því að gera íþrótta- og tómstundastarf (skátar, tónlistarnám, myndlistarnám o.fl.) aðgengilegt fyrir öll börn og að aðstaða taki mið af fjölbreyttum hópum.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Kópavogsbær



unicef 
fyrir öll börn